

Háskóli Íslands
Menntavísindasvið
Vormisseri 2010
Þróunarstarf og mat
Hópverkefni

Þróunarverkefnið SÍSL

Sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir



Aðalheiður Diego
Guðrún Guðmundsdóttir

Kennarar: Anna Kristín Sigurðardóttir
Ólafur Jóhannsson

Efnisyfirlit

| | |
|-----------------------------------|---|
| Inngangur..... | 3 |
| Hvatinn að þróunarverkefninu..... | 3 |
| Markmið og leiðir..... | 4 |
| Mat á verkefninu -Samantekt..... | 6 |

Inngangur

Tilgangur þessa verkefnis er að skoða og meta þróunarverkefni, hvað hafa beri í huga við gerð þróunaráætlunar og hvaða annmarkar gætu verið á slíkri áætlun. SÍSL - Sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir, er þróunarverkefni sem Hulda Karen Daníelsdóttir kennsluráðgjafi Miðborgar og Hlíða hefur þróað og vinnur að í samstarfi við sveitafélögin í Mosfellsbæ og á Akranesi. Tekið var viðtal við Huldu Karen þriðjudaginn 2. mars 2010 og upplýsinga aflað um SÍSL þróunarverkefnið á heimasíðu þess. Auk þess fengum við afrit af umsóknum um styrkveitingar, fundargerðum og skýrslum. Við vildum gjarnan heyra hver reynsla kennara væri af verkefninu og hvert viðhorf þeirra væri til þess. Við tókum því viðtal 18. mars 2010 við Kristínu Ingu Guðmundsdóttur og Drífu Björk Sturludóttur kennara í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ, sem eru að innleiða eina af kennsluaðferðum SÍSL, PALS aðferðina í 3. og 7. bekk. Við mat okkar á verkefninu munum við styðjast við ábendingar Evans (2001) um mikilvægi þess að leita svara við áleitnum spurningum þegar koma á þróunarstarfi af stað. En þær spurningar eru í fyrsta lagi: Er verkefnið eftirsóknarvert? Í öðru lagi er verkefnið vel afmarkað og markmiðin skýr? Í þriðja lagi er verkefnið viðráðanlegt? Og að lokum er verkefnið aðgengilegt?

Hvatinn að þróunarverkefninu

Í viðtali við Huldu Karen kom fram að í framhaldsnámi hennar í Kanada hafi hún kynnst mörgum áhugaverðum kennsluaðferðum sem beindust að því að koma til móts við ólíkan hóp nemenda. Vegna starfs síns sem nýbúakennsluráðgjafi, hefur hún farið í flesta skóla landsins. Þegar hún var að veita kennurum nemenda með annað móðurmál en íslensku ráðgjöf, skynjaði hún að vandamálin tengdust flest viðhorfum þeirra til nýbúakennslu. Auk þess fann hún að kennara skorti verkfæri eða stoðir til að koma til móts við ólíkan nemendahóp. Hulda vildi gjarnan bregðast við þessum vanda og hóf undirbúning að þróunarverkefni til þess að kenna og þjálfra nýtt verklag sem gæti bætt árangur nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Árið 2008 fékk hún þróunarstyrk frá Jöfnunarsjóði sveitafélaga Menntamálaráðuneytinu og Innflytjendaráði samtals kr. 3.350.000,- Hulda Karen

fór í samstarf við Akraneskaupstað og Mosfellsbæ til að innleiða þessar kennsluaðferðir. Stoðirnar eða nýju kennsluaðferðirnar eru svokallaðar "Best practices" eða aðferðir sem þykja hafa reynst best við kennslu nemenda á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi, með ólíka menningu og getu og hafa verið notaðar í mörgum löndum við góðan orðstír.

Markmið og leiðir

Eins og kemur fram á heimasíðu SÍSL er markmið verkefnisins:

...að gera kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi í Mosfellsbæ og á Akranesi að sérfræðingum í fjölmenningslegum kennsluháttum og í bestu leiðum í námi og kennslu nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál, móttöku innflytjenda og gagnkvæmu félagslegu aðlögunarferli allra nemenda. (SÍSL, e.d).

Með þessum aðferðum er unnið með nemendum sem læra íslensku sem annað tungumál inni í bekk en þeir ekki teknir út úr bekknum og kennt einum og sér. Tungumálið lærist þannig í gegnum virk og markviss samskipti nemenda, og nemandinn verður hluti af skólasamfélaginu strax í byrjun. Þessi nálgun er í anda fjölmenningslegra kennsluhátta sem ganga m.a. út á samvinnunám og mikilvægi jákvæðra, innihalds- og árangursríkra samskipta nemenda sem tilheyra mismunandi samfélagshópum (Guðrún Pétursdóttir, 1999)

Lykilþáttur í árangursríku breytingastarfi er að virkja til starfa fólk sem er tilbúið að takast á við breytingar (Fullan, 2007). Lagt var upp með að finna þá fulltrúa kennara skólanna sem voru sérstaklega áhugasamir um SÍSL verkefnið eftir að hafa fengið kynningu á því. Verkefnið felst í því að þjálfva þessa áhugasömu kennara í verklagi, þar sem þeir fá tækifæri til að tileinka sér nýja færni og ný vinnubrögð í samvinnu við aðra kennara skólans um leið og þeir innleiða kennsluaðferðirnar. Gert er ráð fyrir samstarfi á milli skóla þegar þekkingu er miðlað. Kennarar munu hafa aðgang að miðlægum vef og verkefnabanka sem sérfræðingar verkefnisins eru jafnóðum að útbúa. Ávinningur af verkefninu á að skila sér til nemenda þar sem flestir ef ekki allir kennarar leik-, grunn- og framhaldsskólanna í sveitarfélögunum kunni til verka þegar kemur að kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Hulda Karen fékk til liðs við sig hóp kennara sem þekktu þær kennsluaðferðir sem hún vildi að beitt yrði í þjálfuninni, þannig að til varð sérfræðingateymi. Þessar kennsluaðferðir voru 6+1 Trait sem nýtist í ritunarkennslu, PALS (Peer-

Assisted Learning Strategies) sem nýtist við lestrar- og stærðfræðinám og SIOP (The Sheltered Instruction Observation Protocol) sem er sérstök nálgun við samþættingu annarra greina við tungumálið. Síðar bættist við stöðvavinna (Litterary stations) sem einn sérfræðinganna hafði reynslu af (SÍSL, e.d).

Fyrsti fundur verkefnisins var haldinn 1. apríl 2008. Í samvinnu við sveitafélögin tvö var undirbúið námskeið fyrir stýrihópa og gerðir voru samningar um aðkomu erlendra sérfræðinga auk íslensku sérfræðinganna. Stofnuð voru teymi á báðum stöðum en hlutverk þeirra var að vinna náíð með verkefnastjóra. Námskeiðið var síðan haldið fyrir teymin úr skólunum haustið 2009 í PALS, 6+1 Trait og stöðvavinnu. Verkefnið er skipulagt þannig að kennarar í Mosfellsbæ fengu þjálfun í PALS en kennarar á Akranesi þjálfun í 6+1 Traits. Síðan eiga þessir kennarar að kenna hver öðrum aðferðirnar á næsta skólaári.

Undir stjórn verkefnisstjóra var hafist handa við að útbúa upplýsingavef SÍSL verkefnisins sem vistar allt upplýsingaefni, verkefni kennara, slóðir, myndbúta með sýnikennslu og starfendarannsóknarbók (SIOP) fyrir þátttakendur. Unnið hefur verið að þýðingu kennsluefnis og nú er búið að þýða kennsluleiðbeiningar fyrir kennara í 2.-6. bekk í PALS og 6+1 Traits. Í kjölfar þjálfunarinnar er stefnt að því að teymin þrói innan skólans áframhaldandi vinnu með kennsluáðferðir og upplýsi og þjálfu aðra kennara í þessum vinnubrögðum þegar reynsla er komin á þau. Þjálfunin verður því hluti af símenntun skólans og tryggir að þekkingin dreifist en verði ekki á höndum fárra kennara.

Upphaflega var gerð áætlun um verkefnið til þriggja ára en nú þegar er ljóst að innleiðing í skólunum hefur gengið hægar en til stóð, aðallega vegna þess að þýðing á kennsluefninu hefur tekið lengri tíma. Í dag er staða verkefnisins sú að verið er að vinna að áframhaldandi þýðingu á verkefnunum og bæta við efni á heimasíðuna. Í undirbúningi er spjallvefur þar sem kennarar geta haft samskipti sín á milli. Stefnt er að því að senda hluta af sérfræðingateyminu erlendis á námskeið í SIOP. Þeir munu svo í framhaldi halda námskeið með teyimum skólanna. Í vor munu kennarar sem eru að innleiða verklagið þjálfu samkennara sína í því.

Mat á verkefninu -Samantekt

Eins og Evans (2001) og Fullan (2007) benda á þá er einn lykilþáttur í því að koma á breytingum, að þær séu eftirsóknarverðar fyrir þá sem þurfa að breyta verklagi sínu. Mosfellsbær tók ákvörðun að innleiða SÍSL fyrir alla nemendur bæjarfélagsins vegna slakrar útkomu í lesskilningi PISA könnunarinnar. Það gerði verkefnið eftirsóknarvert í augum viðmælenda okkar að læra kennsluaðferð sem skilar árangri og mætir þörfum ólíkra nemenda. Þær bentu þó á að gera þyrfti ráð fyrir verkefninu í stundatöflu strax að hausti og erfitt væri að innleiða PALS verkefnið þar sem faggreinakennsla væri mikil.

Markmið þróunarverkefnisins SÍSL eru skýr, að gera alla kennara sveitarfélagsins að sérfræðingum í bestu kennsluaðferðunum „best practices“ Mikið er lagt upp úr að þeir sem verði sérfræðingar starfi í anda lærdómssamfélags þar sem einangrun kennarans er rofin og byggt er netverk um sameiginlega vinnu þátttakenda. Með því fá kennarar stuðning hver frá öðrum og um leið opnast möguleikar á gagnvirkri umræðu um aukinn árangur fyrir alla. (Lieberman, 2007:201). Verkefnið byggir á gagnvirkum samskiptum. Kennarar innan skólanna mynda netverk um verkefnið og síðan milli skólanna í bæjarfélaginu.

Þó verkefnið í heild sé nokkuð vel afmarkað verða ýmsir þættir að vera sveigjanlegir eins og Hulda nefndi í viðtalinu að „stóra Essið“ (S) í SÍSL væri sveigjanleikinn. Verið væri að þróa nýjung þ.e.a.s. að þjálfar kennara í notkun á ákveðnum kennsluaðferðum og því þurfi sveigjanleiki að vera mikill. Kennari telst ekki sérfræðingur fyrr en eftir ákveðinn reynslutíma. Hulda sagði það með ráðum gert að hafa þróunaráætlunina opna og sagðist hún hugsa hana út frá kvikmyndaleikstjórn. Að skrifa drög að handriti sem síðan breytist þegar fleiri koma að gerð myndarinnar og tókur hefjast. "Mínir leikarar eru ekki bundnir af upprunalegu drögnum heldur fá að spinna samtöl og taka þátt í sköpuninni. Þessi nálgun, verður að mínu mati til þess að þátttakendur líta á verkefnið sem sitt" Hulda Karen Danielsdóttir (munnleg heimild, 2. Mars 2010).

Sveigjanleikinn gæti haft bæði kosti og galla í för með sér. Kostirnir felast í auknum sveigjanleika til þess að mæta ófyrirsjáanlegum hindrunum. Fullan (2007:102) bendir á þegar hann vitnar í rannsókn Hubermann og Miles (1984) að í fyrsta lagi þurfi breytingar að vera í samræmi við stefnu skólans, gera þurfi ráð fyrir fjármagni og tíma til að vinna verkefnið. Í öðru lagi þarf ákveðinn fjöldi

kennara að hafa tileinkað sér þekkinguna og í þriðja lagi þarf að gera ráð fyrir verkáætlun fyrir nýtt starfsfólk. Í SÍSL verkefninu er gert ráð fyrir því að kennarar sem fara á námskeið, verði sérfræðingar í verklaginu og kenni síðan starfsfélögum sínum nýjar aðferðir. Þetta vekur upp spurningu hvort nægjanlega margir af kennurunum kunni til nýrra verka svo verkefnið nái fótfestu. Ef tekið er dæmi úr Lágafellsskóla þá eru þar einungis fimm af sjötíu og fjórum kennurum að innleiða verkefnið á þessu skólaári. Þessum fimm sérfræðingum er síðan ætlað að kenna öðrum kennurum verklagið í vor og unnið verði samkvæmt því í öllum skólanum næsta haust. Að okkar mati þarf að móta sérstaka áætlun um innleiðinguna til þess að styðja við þá kennara sem eiga að innleiða verkefnið og gera ráð fyrir tíma og kostnaði við það.

Segja má að SÍSL verkefnið sé aðgengilegt. Boðið er upp á þjálfunarnámskeið fyrir kennara og gagnvirkan upplýsingavef. Auk þess bjóða sérfræðingar SÍSL upp á stuðning eins og að koma að kynningarfundum í skólunum fyrir aðra kennara skólanna.

Hvað varðar mat á verkefninu er ekki gert ráð fyrir lokamati en þó er ætlunin að fram fari starfendarannsókn eftir 1-2 ár. Okkur finnst mikilvægt að gert sé ráð fyrir lokamati á jafn áhugaverðu verkefni. Lokamati er ætlað að veita upplýsingar sem geta hjálpað til að taka ákvarðanir um áframhaldandi þjónustu. Slíkt mat er liður í gæðatryggingu og mun örugglega gefa til kynna hvernig til hafi tekist, hver sé reynsla þeirra sem tóku þátt og tilgreina næstu skref (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008).

Hulda Karen er greinilega eldhugi og vinnur að framgangi verkefnisins af miklum áhuga og þörf fyrir að auka færni kennara til að koma á móts við ólíkar þarfir nemenda. Hennar sýn að sái hún fræjum, munu þessi fræ halda áfram að blómstra og dafna. Merki verkefnisins sem sjá má á forsíðu skýrslunnar er bæði táknrænt og lýsandi. Það er biðukolla sem dreifir fræjum sínum, líkt og meginmarkmið þróunarverkefnisins á að gera, að dreifa bestu kennsluaðferðum til kennara sem eykur færni allra nemenda.

Hulda Karen gerir ráð fyrir því að sú hlutdeild sem skapast meðal kennara eigi að nægja til að verkefnið festist í sessi. Hafa ber í huga að það sem gengur vel hjá einum þarf ekki endilega að ganga vel hjá öðrum. Því teljum við mikilvægt að verkefnið sé sett í rammaáætlun sem auðveldi tilvonandi verkefnisstjórum að fylgja því áfram.

Framhald þessa verkefnis er í höndum þeirra skóla sem innleiða kennsluaðferðirnar. Það mun tvímælalaust styðja þá í átt að lærdómssamfélagi (Stoll og Louis, 2007) þar sem nám allra er metið, sameiginlegum áhuga og sýn er deilt og saman er leitað leiða til að stuðla að bættum árangri nemenda. Þó verkefnið hafi miðað að því að innleiða kennsluaðferðir til þess að kenna nemendum með annað móðurmál en íslensku stuðla þær ekki síður að bættum árangri fyrir alla nemendur.

Heimildarskrá:

Evans, R. (2001). *The human side of school change. Reform, resistance, and the real-life problems of innovation.* San Francisco: Jossey-Bass.

Fullan, M. (2007). *The new meaning of educational change.* New York: Teachers college.

Guðrún Pétursdóttir. (1999). *Fjölmenningarleg kennsla, forvörn gegn kynþáttahatri og fordómum.* Reykjavík: Höfundur útgefandi.

Lieberman, A. (2007). Professional Learning Communities: A reflection. Í Stoll, L. og Louis, K.S. (ritstj.) *Professional Learning. Divergence, Depth and Dilemmas.* (bls.199-203). Berkshire: McGraw- Hill.

Rúnar Sigpórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West. (2005). *Aukin gæði náms. Skólaþróun í þágu nemenda.* Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands: Oddi h.f.

Sigurlína Davíðsdóttir (2008). *Mat á skólastarfi: handbók um matsfræði.* Reykjavík: Hólar.

SÍSL (e.d.) sótt 8. mars 2010 af : http://leikar.net/SISL/index.php?option=com_content&view=article&id=48&Itemid=11

Stoll, L. og Louis, K. S. (2007) Professional learning communities: elaborating new approaches. Í Stoll, L. og Louis, K. S. (ritstj.) *Professional learning*

communities. Divergence, depth and dilemmas (bls. 3-13). Berkshire:
McGraw- Hill